

Náttúruvernd til eflingar byggðapróun (C.9)

Þriðji verkhluti: Íbúafundur - Efling byggðar á Norðausturhorninu



Efling byggðar á Norðausturhorninu

ORKA - NÁTTÚRA - FERÐAÞJÓNUSTA



Félagsheimilið Þórsver

11:00 Setning

Sigurður Þór Guðmundsson / Gunnar Már Gunnarsson

11:15 Norðausturhornið og hringrás ferðamanna um Austur- og Norðurland

- Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, alþingismaður
- Arnheiður Jóhannsdóttir, Markaðsstofa Norðurlands
- Urður Gunnarsdóttir, Austurbrú
- Hildur Óladóttir, ferðaþjónustuaðili
- Umræðustjóri: Alda Marín Kristinsdóttir, Austurbrú

12:10 Hádegishlé

12:40 Orkumál og atvinnuþróun

- Njáll Trausti Friðbertsson, alþingismaður
- Vilhjálmur Egilsson, formaður starfshóps um gerð skýrslu um stöðu og áskoranir Íslands í orkumálum
- Gnýr Guðmundsson, Landsnet
- Tryggvi Þór Haraldsson, Rarik
- Sveinn Margeirsson, Brim
- Umræðustjóri: Albertína Fr. Elíasdóttir- SSNE

13:45-14:00 Kaffipása

14:00 Hagræn tengsl náttúruverndar og byggðapróunar

- Líneik Anna Sævarsdóttir, alþingismaður
- Guðrún Óskarsdóttir, Náttúrustofa Austurlands
- Soffía Gísladóttir, Svæðisráð norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðar
- Þorkell Lindberg, Náttúrustofa Norðausturlands
- Umræðustjóri: Díana Jóhannsdóttir, SSNE



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Náttúruvernd til eflingar byggðapróun

Í lok árs 2022 gerðu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) með sér samning sem getur stutt við að samstarf um stofnun starfsstöðvar í náttúruvannsóknnum á Bakkafirði verði að veruleika. Verkefnið er liður í aðgerðum stjórnvalda til að jafna samfélagslega aðstöðu byggða og ná meiri stöðugleika. Í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 voru skilgreindar 44 aðgerðir sem ætlað er að stuðla að jákvæðri þróun byggða. Ein þessara aðgerða kallast Náttúruvernd til eflingar byggðapróun (C.9).

Verkefnið skiptist í þrjú verkþætti og snýr einn þeirra að samráði og samtali við íbúa, einkum hvað varðar möguleika á friðlýsingu hluta Langaness og samspil náttúruverndar, samfélags og atvinnulífs. Í þessari skýrslu er fjallað um þennan verkþátt, en uppistaða hans er málþing sem haldið var á Þórshöfn þann 3. apríl 2023, með áherslu á opnar umræður um orku, náttúru og ferðapjónustu.

Málþingið var skipulagt af SSNE og Austurbrú undir merkjum *Eflingar byggðar á Norðausturhorninu: Orka – Náttúra – Ferðapjónusta*. Málþingið var opið öllum og tilgangur þess var að greina tækifæri og ógnir svæðisins og fá þátttöku heimafólks, þ.m.t. fyrirtækja og sveitarfélaga, en eitt af markmiðum verkefnisins er að opna á umræðu um áhrif friðlýsinga á nærumhverfi við heimamenn og fá fram þeirra skoðanir og hugmyndir.

Bakgrunnur – um friðlýsingarkosti á Langanesi og íbúasamráð

Á fundi byggðaráðs Langanesbyggðar 20. maí 2020 var samþykkt að fara þess á leit við umhverfis- og auðlindaráðuneyti að gerði yrði greining á möguleikum á friðun Langaness að hluta til. Óskað var eftir því að kostir, tækifæri, kostnaður, skuldbindingar sveitarfélags og landeigenda yrði skoðaðir ásamt þeim takmörkunum öðrum og kostum sem til greina kæmu ef landið yrði friðað. Þá var einnig óskað eftir því að metið yrði hvaða helstu stig friðunar eða kæmu til greina. Í framhaldi af erindi Langanesbyggðar fór umhverfis- og auðlindaráðuneytið þess á leit við Umhverfisstofnun að stofnunin tæki verkefnið til úrvinnslu. Settur var saman stýrihópur sem fylgdi verkefninu eftir á vinnslutíma en í hópnum sátu þeir Jónas Egilsson sveitarstjóri Langanesbyggðar, Ólafur A. Jónsson sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun og Steinar Kaldal verkefnisstjóri hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Vinna við gerð skýrslunnar fólst í að rýna svæðið með tilliti til möguleika á friðlýsingu.

Úttekt Umhverfisstofnunar var kynnt á opnum íbúafundi í Þórsveri á Þórshöfn, þann 21. júní 2021. Það gerði Davíð Örvar Hansson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun og aðalhöfundur skýrslunnar. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra, ávarpaði fundinn og Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, hélt erindi þar sem hann miðlaði reynslu Snæfellinga af Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Fundinum lauk svo með umræðum.

Efling byggðar á Norðausturhorninu

Málþingið sem haldið var í samvinnu SSNE og Austurbrúar þann 3. apríl 2023 var þrískipt eftir málefnum: Norðausturhornið og hringrás ferðamanna um Austur- og Norðurland; Orkumál og atvinnuþróun; og Hagræn tengsl náttúruverndar og byggðapróunar. Fundurinn var mjög vel sóttur og ríflega 60 manns mættu til að ræða þessi mikilvægu málefni, auk þeirra sem fylgdust með í streymi. Undir hverju málefni voru flutt 4-5 stutt erindi en í kjölfarið fóru fram pallborðsumræður og spurningar úr sal bornar upp. Meðal þeirra sem tóku til máls á fundinum voru fulltrúar atvinnulífsins, aðilar úr orkugeiranum, sérfræðingar á sviði náttúrurannsóknar og náttúruverndar, ferðaþjónustuaðilar og þingmenn (sjá auglýsta dagskrá).

Á málþinginu kom m.a. fram mikill áhugi heimamanna um tengsl náttúru, nýtingar og náttúruverndar. Þá fór Þorkell Lindberg, forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands, yfir hugmyndir starfshóps um stofnun starfsstöðvar í náttúrurannsóknum á Bakkafirði, en vistkerfi þess svæðis eru með því minnst rannsakaða á Íslandi. Eins mátti greina, bæði meðal frummælenda og ráðstefnugesta, vaxandi áhuga á að nýta betur tækifæri svæðisins í ferðaþjónustu og vinna markvisst að sameiginlegum markmiðum þvert á sveitarfélög. Fundargestir höfðu margir hverjir þó nokkrar spurningar um hvað friðlýsing hefði í för með sér og ljóst að samtalið við íbúa mun þurfa að halda áfram á næstu misserum.

Framhald verkefnisins

Ýmis vinna er í gangi sem tengist þeim málefnum sem rædd voru á málþinginu á Þórshöfn. 1) Sveitarstjórn Langanesbyggðar hefur fjallað um helstu friðlýsingarkosti á Langanesi og vinnunni haldið áfram með áherslu á virkt samtal við íbúa og aðra hagaðila. 2) Þá má einnig nefna *Straumhvörf* sem er nýtt vöruþróunarverkefni í ferðaþjónustu sem nær yfir allt Norður- og Austurland og er ætlað fyrirtækjum í ferðaþjónustu og fulltrúum sveitarfélaga. Tilgangurinn er að nýta tækifæri sem felast í auknu millilandaflugi til Norður- og Austurlands og búa til nýjar vörur og vörupakka í ferðaþjónustu. Að verkefninu standa Austurbrú/SSA, Markaðsstofa Norðurlands, SSNV og SSNE. Vinnustofur voru haldnar víða í landshlutanum, m.a. á Bakkafirði og þá fyrir ferðaþjónustuaðila og sveitarstjórnarfólk á Norðausturhorninu. Þar héldu samræður áfram um samspil náttúruverndar og ferðaþjónustu. 3) Samstarfshópur sem hafði það hlutverk að móta sameiginlega sýn á markmið og framtíðarskipulag mögulegrar starfsstöðvar í náttúrurannsóknum við Bakkafjörð lauk sinni vinnu og hefur kynnt tillögur sínar í sérstakri greinargerð. Vinna hópsins er liður í þessu C.9 verkefni. 4) Að lokum má nefna að í kjölfar málþingsins skipaði Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, starfshóp sem var falið það hlutverk að vinna tillögur til ráðherra um framgang mála á Langanesi, sem heyra undir málefna svið ráðuneytisins, með það að markmiði að efla samfélagið. Eiga tillögur starfshópsins m.a. að snúa að friðlýsingu á hluta Langaness, t.d. með stofnun þjóðgarðs, eflingu hringrásarhagkerfisins og grænni atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Jafnframt verði hugað að bættu orkuöryggi svæðisins með tillögum er snerta dreifi- og flutningskerfi raforku, jarðhitaleit og aukna orkuöflun innan svæðis.